



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

29. nóvember 2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala, 10. mál.**

Þingsályktunartillagan, verði hún samþykkt, felur ríkisstjórninni að ljúka undirbúningi að byggingu nýs Landspítala og hefja byggingu strax að því loknu ásamt því að heimila nauðsynlega lántöku.

Samtök atvinnulífsins telja að forsendur hafi að ýmsu leyti breyst frá því áætlanir um uppbyggingu á Landspítalalóðinni voru lagðar fram. Þar er ekki síst átt við fjárhagsstöðu ríkissjóðs og getu sjóðsins til nýrrar lántöku og möguleika til að axla aukna vaxtabyrði.

Þrátt fyrir að áætlanir hafi gert ráð fyrir að framkvæmdin væri arðbær í þeim skilningi að hún skili sér í lægri rekstrarkostnaði, aukinni hagkvæmni og betri þjónustu þá er í ljósi umfangs verkefnisins nauðsynlegt að fara yfir áætlanir að nýju.

Nauðsynlegt er að skoða hvort unnt sé að stefna að þeim markmiðum sem ætlunin var að ná með byggingu nýs Landspítala með einfaldari uppbyggingu og smærri skrefum en samt hafa í huga nauðsynlegar endurbætur á tækjabúnaði, aðstöðu og mannvirkjum.

Það liggur þegar fyrir töluverð reynsla af því að hefja byggingu mannvirkja þar sem framkvæmdatími hefur verið óheyrilega langur og nægir þar að nefna hús Ríkisútvarpsins og Þjóðarbókhöndununa. Með löngum framkvæmdatíma eykst fjármagnskostnaður jafnt og þétt og hætt við að arðsemin verði minni en ætlað var.

Samtökin telja mikilvægt að farið verði yfir áætlanir um byggingu nýs Landspítala og þær endurmetnar með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs og áætlana um ríkisfjármál á næstu árum.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson,  
forstjórnari.